

## Lokaskýrsla Álftanesskóla

Lestur og ritun: Markviss efling læsis, lesskilnings og færni nemenda í ritun.

**Orð af orði – lestur til náms.**

Skólaárið 2010–2011



f.h. Stýrihóps Álftanesskóla  
Erna I. Pálsdóttir  
Vilborg R. Einarsdóttir  
Júní 2011

## Inngangur og aðdragandi

Stýrihópur Álftanesskóla í lestri og ritun hefur á síðustu árum unnið við að skoða stöðu skólans og ýmsa þætti í lestrar- og ritunarkennslu. Tilgangur með þróunarverkefninu *Lestur og ritun: Markviss efling læsis, lesskilnings og færni nemenda í ritun* er að vinna að heildarstefnu í móðurmálskennslu sem hefur það að markmiði að efla læsi, lesskilning og færni nemenda í ritun texta. Lestrarstefna Álftanesskóla verði unnin með það fyrir augum að bæta allan almennan lestur nemenda skólans. Litið er svo á að lestur sé grunnur alls náms og því þarf að hafa lestrarstöðina sterka svo hægt sé að byggja ofan á og efla almennt nám í grunnskólanum. Þróunarverkefnið miðar einnig að því að efla faglega þekkingu starfsmanna á lestraraðferðum, samræma vinnubrögð í lestrar- og ritunarkennslu og efla þátttöku foreldra. Áhersla sé lögð á vinnubrögð sem eru til þess fallin að vekja áhuga nemenda á lestri og ritun.

*Megináherslur þróunarverkefnisins (2009–2012) er:*

**Nemendur:** Að viðhalda lestraráhuga barna og unglinga og hvetja þau með fjölbreyttum aðferðum og verkefnum til að halda áfram að lesa sér til gagns og gamans. Markvisst unnið að því að þjálf og efla tilfinningu og skilning nemenda á ritun texta.

**Foreldrar:** Að gera foreldra meðvitaða um að móðurmálskennsla er lykilatriði á öllum stigum grunnskólans. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í að styrkja og rækta móðurmálið og áhuga nemenda.

**Skóli – kennarar:** Að vera hvatning og stuðningur við það starf sem unnið er í skólanum og áhersla verði á heildarskipulag, markviss vinnubrögð og samstarf á öllum aldurstigum. Mótuð verði samfella milli stiga og skýr stefna um lestrar- og ritunarkennslu. Lögð verði áhersla á að efla lesskilning nemenda og þeir fái fjölbreytt viðfangsefni og vinni með texta á margvíslegan hátt.

**Stýrihópur:** Að hafa yfirumsjón með þróunarverkefninu, fylgjast með hvernig miðar, endurskoða markmið, meta og finna ný markmið. Hlutverk stýrihópsins er að vinna markvisst með kennurum, nemendum og foreldrum að því að kynnast og nota margvíslegar aðferðir í lestrar- og ritunarkennslu, skipuleggja lestrarátök og önnur sameiginleg verkefni er tengjast lestri og lestrarkennslu, halda utan um lestrarpróf, matsniðurstöður, skoða mælikvarða t.d. að skoða ýmsar aðferðir við að leggja mat á færni nemenda í lestri og ritun. Koma með tillögur að námsmati; Skimunar-, greiningar-, hraðlestrar-, framburðar-, lesskilningspróf o.s.frv. Útbúa sameiginleg viðmið í lestri og ritun. Skoða og útbúa sóknarkvarðar til að meta ýmsa þætti í ritun s.s. orðaforða, sögufléttu, flæði o.s.frv. Hópnum er einnig ætlað að móta endurmenntunaráætlun í samráði við stjórnendur um námskeið og fyrirlestra er tengjast lestrar- og ritunarkennslu. Þá að upplýsa foreldra ásamt umsjónarkennurum, um mikilvægi lestrar og vekja athygli á hve þáttur lestrar er mikilvægur í öllu námi. Meginhlutverk stýrihópsins er að móta skýra stefnu skólans í lestri og ritun og stuðla að samfelli hjá kennurum á öllum aldurstigum.

## Meginmarkmið

Markmið verkefnisins er:

- Að styðja kennara til að setja markviss markmið í lestrar- og ritunarþáttum til lengri tíma og gera áætlun til að efla læsi nemenda og þjálfun í ritun fjölbreyttra textagerða.
- Að hvetja kennara til að nota fjölbreyttar leiðir til að stuðla að aukinni færni og jákvæðu viðhorfi til lestrar.
- Að hvetja til samstarfs og samfellu í lestrar- og ritunarkennslu milli aldurstiga, með fjölbreyttum verkefnum og að skipuleggja fræðslufundi um læsi, lestrarkennslu og ritun.
- Að styðja og hvetja foreldra til að efla lestrar- og ritunarfærni barna sinna, með ýmsum verkefnum og fundum um læsi, lestrarkennslu og ritun.

### Skipulag umfang og framkvæmd vinnunnar

Stýrihópur Álfthanesskóla í lestri og ritun hafði umsjón og stýrði þróunarverkefninu, vann sameiginlega að því að viðá sér efni, fór á ráðstefnu um læsi; Lykill að andans auði (HA), í heimsóknir í aðra skóla sem vinna að þróun í lestri og ritun og sá um samskipti við faglega leiðbeinendur.

Þróunarverkefnið hófst haustið 2009 og gert var ráð fyrir þriggja ára vinnuferli. Á þessu skólaári 2010 – 2011 var lögð megináhersla á verkefnið *Orð af orði* (Háskólinn á Akureyri) og tóku þátt í því allir kennarar skólans (tafla 1). Meginmarkmið *Orð af orði* er að auka skilning í lestri og öllu námi með því að efla orðvitund og orðaforða, fella orðakennslu að hefðbundinni kennslu og gera að föstum lið í kennslu námsgreina. Með verkefninu er stefnt að því að nemendur styrki lestrarfærni, lesskilning og réttitun, þjálfist í byggingu orða t.d í ritun á greinandi og skapandi hátt. Ráðgjafi verkefnisins var Guðmundur Engilbertsson (HA). Hann lagði til fræðslu og framkvæmdaáætlun og fundaði reglulega með verkefnastjórum og kennurum. Meginkostnaður við verkefnið fór í greiðslu fyrir fræðslu og ráðgjöf (sjá fylgiskjal 3; framkv.áætlun).

Tafla 1: Skipulag skólaárið 2010 – 2011

<b>2010</b>	
• 16. ág.:	• Heils dags námskeið, fræðilegar undirstöður og áætlanir. Kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir.
• 1. sept. – 3. des:	• Markviss orðaforðakennsla í 12 vikur, minnst 3svar -5 sinnum í viku, yndislestur.
• 27. sept. og 12. nóv.:	• Ráðgjöf til kennara (1-3 hópar hverju sinni) tvisvar.
• 20.nóv.:	• Lesskilningspróf I lagt fyrir nemendur.
<b>2011</b>	
• 3. jan.:	• Hálf dags námskeið gerð hugtakakorta. Kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir.
• 17. jan. - 30. apríl:	• Kennsla hugtakakorta minnst 3svar í viku, tengsl við orðaforðavinnu, yndislestur.
• 18. feb. og 22. mars:	• Ráðgjöf til kennara (1-3 hópar) tvisvar.
• 4. apríl	• Lesskilningspróf II lagt fyrir nemendur.

*Þróunarverkefnið skiptist í:*

*Lestur: Að styrkja lestraráhuga barna og unglinga og hvetja þau með fjölbreyttum aðferðum og verkefnum til að halda áfram að lesa sér til gagns og gamans.*

*Mat á lestri: Að endurskoða matsaðferðir í lestri í heild fyrir öll stig með það að leiðarljósi að tryggja að matið nái til lestraráhuga, lesskilnings og leshraða.*

*Ritun: Að þjálfva og efla tilfinningu og skilning nemenda á ritun texta.*

*Mat á ritun: Að endurskoða mat á ritun nemenda til að tryggja sanngjarnt mat og sjá til þess að matið nái til ýmissa færniþátta.*

Stýrihópurinn hittist einu sinni til tvisvar í mánuði og fór yfir stöðuna og lagði mat á framvindu verkefnisins. Skipulagði reglulegar umræður á stigsfundum og að kennarar segðu frá fjölbreyttri reynslu sinni á kennarafundum.

Skólinn hefur fest í sessi lestrarstundir í öllum árgöngum á hverjum degi (hljóðlestur). Val á lestrarefni nemenda byggðist á forsendum og áhuga hvers og eins. Markmið með lestrarstundum er að nemendur auki leshraða sinn og bæti við orðaforða og málskilning. Því ætla má að góður lesskilningur sé undirstaða árangursríks náms. Skilningur er m.a. talinn byggja á því hvernig ný þekking tengist fyrri þekkingu lesandans. Því skiptir miklu máli hvernig staðið er að kennslu á lestri og lesskilningi. Kennarar þurfa því að að kenna nemendum vinnuaðferðir sem þeir geta beitt til þess að auka möguleika sína á að skilja texta hraðar og betur en áður. Lögð var áhersla á yfirlitslestur, leitarlestur og nákvæmnislestur. Í vetur unnu nemendur í öllum árgöngum með orð dagsins. orðhlutavinnu, krossglímur, gerð hugtakakorta, hugtakagreiningu, orðasöfnun (skjóður) o.s.frv.

*Lesskilningspróf – hraðlestrarpróf – lestrarátak*

Lögð voru fyrir lesskilningspróf í 4. – 10. bekk tvisvar yfir veturinn (nóvember 2010 og apríl 2011). Textar voru fengnir úr gömlum samræmdum prófum og voru textar úr fjórðabekkjarkjari prófi lagðir fyrir fjórða bekk, en textar úr sjöundarbekkjarkjari prófum lagðir fyrir fimmta, sjötta og sjöunda bekk og textar úr tíundabekkjarkjari prófum lagðir fyrir áttunda, níunda og tíunda bekk. Í nóvember 2010 var staða allra nemenda í 2.–10. bekk í hraðlestri metin. Lestrarátak var hjá öllum árgöngum í feb.–mars 2011. Markmiðið með lestrarátökum er að bæta lestur, auka lesskilning og lestrarhraða og vekja áhuga nemenda á yndislestri sem tómstundagamni. Á meðan á lestrarátaki stóð lásu nemendur gríðarlega mikið og létu ekki þar staðar numið heldur lásu áfram af fullum krafti eftir að lestrarátakinu lauk. Allir nemendur í 2.–10. bekk tóku þátt í lestrarátaki skólans. Lestrarátakið stóð í tvær vikur. Nemendur settu sér markmið í upphafi átaksins um hvað þeir ætluðu að lesa margar blaðsíður og skipti það örugglega miklu máli fyrir niðurstöðuna. Sérhver nemandi reyndi að ná þessu markmiði sínu og margir gerðu gott betur en það. Nemendur fengu efnisspurningar í lok hvernar bókar sem gerði það að verkum að þeir þurftu að íhuga vel efni bókana. Unnin hugtakakort, lesnar bækur, greinar o.fl. Í mars 2011 var staða nemenda í lestri í 2.–10. bekk metin á ný. Niðurstöður skráðar og gerður samanburður. Reglulega á hverju ári verða niðurstöðum lestrar- og lesskilningsprófa safnað saman og staðan tekin. Metið hvernig gengur að ná markmiðum áætlunar í lestri og áætlun gerð um áframhaldandi sókn að markmiðum.



Niðurstöður í lestrarátaki

### Leið til læsis

Í janúar var “Leið til læsis” – próf lögð fyrir nemendur í 1. bekk og þá eftirfylgdarpróf fyrir nemendur í 2. – 4. bekk. Mælanlegir kvarðar á færni nemenda voru skoðaðir (t.d. hraðlestrarpróf, lesskilningspróf, framsagnarpróf, hljóðlestrarpróf). Skoðuð viðmið í hverjum árgangi og stýrihópur tók saman niðurstöður úr umræðum á hverju aldurstigi. Stjórnendur og stýrihópur skoðuðu vel niðurstöður samræmdra prófa í íslensku og greindu meginþætti þess. Niðurstöður kynntar og ræddar á fundi með kennurum skólans.

### Litla upplestrarkeppnin

Í tilefni af 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekkjum í Hafnarfirði og á Álftanesi var ákveðið að efna til nýs þróunarverkefnis „Litla upplestrarkeppnin“ í vetur í 4. bekkjum grunnskólanna. Hugmyndin vaknaði snemma í haust hvort ekki væri tími til kominn að taka upp kennsluáðferðir Stóru upplestrarkeppninnar í fleiri árgöngum. Verkefnið fór formlega af stað á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lauk með hátíð í skólanum 6. maí.

### Mat á verkefninu

Lögð var áhersla á umræður, verkefnavinnu, kynningar og að kennarar prófuðu sig áfram með mismunandi kennsluáðferðir í lestri og ritun. Umræða kennara fór að mestu leyti fram á stigsfundum og kennarar skráðu áherslur í lestri í hverjum árgangi á þessu skólaári. Skoðaðar voru ýmsar aðferðir við að leggja mat á færni nemenda í lestri og ritun. Tafla 2 sýnir niðurstöður lestrarprófa og þá lestrarhraðafærni (2009–2011) sem Álftanesskóli vill sjá hjá nemendum sínum í nánustu framtíð og vill stefna að. *Lestarfærnin, þ.e. lesin atkvæði á mínútu, miðar við færni í lok skólaárs.*

Tafla 2: Áætlun Álftanesskóla í hraðlestri

Meðaltal Árgangur	Nóv. 2009	Mars 2010	Nóv. 2010	Mars 2011	Álftanesskóli Viðmið
2. bekkur	79 atkvæði	104 atkvæði	85 atkvæði	116 atkvæði	50-100 atkvæði
3. bekkur	141 atkvæði	164 atkvæði	123 atkvæði	149 atkvæði	100-180 atkvæði
4. bekkur	158 atkvæði	170 atkvæði	167 atkvæði	192 atkvæði	180-250 atkvæði
5. bekkur	206 atkvæði	222 atkvæði	193 atkvæði	214 atkvæði	220-300 atkvæði
6. bekkur	201 atkvæði	223 atkvæði	211 atkvæði	234 atkvæði	220-300 atkvæði
7. bekkur	224 atkvæði	230 atkvæði	216 atkvæði	219 atkvæði	300-350 atkvæði
8. bekkur	252 atkvæði	264 atkvæði	251 atkvæði	258 atkvæði	300-350 atkvæði
9. bekkur	254 atkvæði	265 atkvæði	255 atkvæði	270 atkvæði	300-350 atkvæði
10. bekkur	251 atkvæði	260 atkvæði	264 atkvæði	270 atkvæði	300-350 atkvæði

*Það sem gekk vel að mati kennara:*

Kennarar voru almennt ánægðir með verkefnið og fannst það gefa tækifæri til aukinnar samvinnu nemenda og mikillar fjölbreytni í náminu. Kennarar töldu þetta vera frábært framtak, að þróunarstarfið hefði gengið vel og ætti eftir að nýtast þeim í starfi.

*Kennarar: Þessi vinna gekk mjög vel og var mjög skemmtileg. Við fórum ekki of hratt né djúpt í viðfangsefnin heldur gáfum okkur tíma í hvern og einn þátt. Við teljum nemendur hafa lært heilmikið af þessari vinnu og stefnum á að halda ótrauðar áfram. Sáttar og glaðar með þetta verkefni og viljum endilega nota það enn meira á komandi árum.*

*Það sem þarfnast breytingar að mati kennara:*

Bæta viðmið við mat á lestri og ritun og skoða betur kennslu og mat á lesskilningi og ritun. Kennarar vilja fá meiri fræðslu og stuðning s.s. hvernig bæta megi árangur í ritun og lesskilningi. Kennarar vilja að unnið verði að því að gera markmið skýrari og betri samfella verði milli árganga. Þá telja sumir kennarar að þeir þurfi að nýta sér betur niðurstöður samræmdra prófa.

*Kennarar: Við hefðum viljað hafa meira skipulag á milli faga í unglingságeild svo að þau væru ekki að fara í þetta mörgum sinnum í viku. Við teljum okkur hafa prófað margt en samt sem áður getum við gert töluvert betur. Við viljum helst skipuleggja okkur betur og nýta þetta víðar og meira. Við viljum fá meiri samfellu í vinnuna og teljum það gerast ef við tökum þetta með í alla skipulagsvinnu að hausti.*

Margt hefur áunnist í vetur s.s. framsetning lestrarprófa, lestrar- og lesskilningspróf skólans hafa verið endurskoðuð og bætt sem og lestrarprófanir. Í vetur var lögð áhersla á *Orð af orði*, lestur og lestrarkennslu og að kennarar miðli þekkingu sinni og hugmyndum. Á næsta skólaári (2010–2012) verður megináhersla lögð á efla og meta færni nemenda í ritun. Þ.e. stýrð ritun og valverkefni í öllum árgöngum, á ritun sem eflir lesskilning nemenda og stuðlar að sjálfskoðun og þekkingu og að festa verkefnið *Orð af orði* í sessi. Þrátt fyrir að við höfum ekki fengið styrk til áframhaldandi vinnu við verkefnið munum við að reyna að halda námskeið næsta skólaár og fá ráðgjöf um ritunarkennslu. Funda mánaðarlega og taka fyrir ákveðna þætti verkefnisins og vinna áfram og þróa þá þætti sem við teljum okkur hafa náð tökum á.

### **Kynning á verkefninu**

Gert er ráð fyrir að á næsta skólaári verði nemendur og foreldrar reglulega upplýstir um helstu viðfangsefni og framvindu verkefnisins m.a. í fréttabréfi og á heimasíðu skólans. Markmiðið er einnig að kynna þessa vinnu öðrum kennurum s.s. með heimsóknum eða á ráðstefnum um nýbreytni og þróun eins og kostur er.

**Viðauki**  
**Fylgiskjal 1: Áætlun skólaárið 2010 – 2011**

**Styrkur úr sprotasjóði – áhersla á þróunarverkefnið Orð af orði**

<b>Markmið og helstu viðfangsefni.</b>	<p><i>Hvetja og styðja það starf sem unnið er í skólanum og leggja áherslu á heildarskipulag, markviss vinnubrögð og samstarf á öllum aldursstigum.</i></p> <p>Hvetja kennara til að prófa sig áfram með mismunandi aðferðir í lestrar- og ritunarkennslu.</p> <p>Hvetja kennara til samvinnu og samstarfs innan skólans varðandi þróun kennsluáðferða.</p> <p>Móta samfellu milli stiga og skýra stefnu um lestrar- og ritunarkennslu.</p> <p>Áhersla á að efla lesskilning nemenda og þeir fái fjölbreytt viðfangsefni og vinni með texta á margvíslegan hátt.</p> <p>Að kennarar skólans nýti sér námsframvindu í Mentor og auki færni sína í leiðsagnarmati.</p> <p>Fræðslufundur um lestur og ritun (framhald frá skólaárinu 2009 - 2010).</p>	Stýrihópur
<b>Forgangsverkefni og tenging við önnur þróunarverkefni.</b>	<p>Lestrarmarkmið verði endurskoðuð og kennarar nýti sér þau til mats. Markmið í ritun skoðuð og skráð (t.d. í Mentor).</p> <p>Ákveðnar áherslur og markvisst skipulag á lestrarstundum. Skipulag lestrarstunda í öllum árgöngum. Stýrður lestur (staðreyndarlestur, túlkandi lestur, gagnrýninn lestur, skapandi lestur) og val nemenda á lestrar efni. Ákveðin lestrar- og lesskilningsverkefni í öllum árgöngum. Gagnvirkur lestur. Lesskilningsverkefni – nánari útfærsla.</p> <p>Stýrð ritun og valverkefni í öllum árgöngum. Ritun sem eflir lesskilning nemenda og stuðlar að sjálfskoðun og þekkingu.</p> <p>Staða allra nemenda (2. – 10. bekkur) í leshraða mældur (nóv. og mars). Niðurstöður skoðaðar í samanburði við fyrri niðurstöður. Skráning og úrvinnsla.</p> <p>Markmið –kennsluáðferðir/leiðir – mat = stefna skólans í lestri skráð.</p>	<p>Stýrihópur – kennarar</p> <p>Stýrihópur – kennarar</p> <p>Stjórnendur - stýrihópur</p> <p>Stýrihópur – stjórnendur – kennarar</p> <p>Stýrihópur – kennarar Stjórnendur</p>
<b>Framkvæmd og skipulag (s.s. umsjón, verkþættir, verkaskipting.</b>	<p>Stýrihópur heldur utan um og stýrir vinnunni m.a. með skipulögðum fundum þar sem farið er yfir þær upplýsingar sem koma á stigsfundum um aðferðir sem verið er að beita. Stýrihópur heldur utan um og hvetur kennara til að birta gögn sín á samskrá og miðla til annarra.</p>	Stýrihópur
<b>Bjargir (fræðsla, skipulag).</b>	<p>Fræðslufundur – framhald frá fyrra ári. Ráðgjöf Guðmundur Engilbertsson (Orð af orði) og önnur ráðgjöf eftir því sem þurfa þykir og vinnunni miðar áfram.</p>	
<b>Viðmið um árangur – mat á framvindu og árangri.</b>	<p>Vel skipulagðar, markvissar lestrarstundir í öllum árgöngum.</p> <p>Niðurstöður úr lestrarmati skoðað, skráð og bornar saman við niðurstöður frá 2009–2010.</p> <p>Samfella í lestrarprófum – leshraði, lesskilningur.</p> <p>Unnið markvisst með ákveðnar bækur í öllum árgöngum. Nemendur geti lesið sögubók og séu vel færni um að skrifa um innihald hennar.</p> <p>Námsmatsaðferðir endurskoðaðar í heild fyrir öll stig með það að leiðarljósi að tryggja að matið nái til lestraráhuga, lesskilnings og leshraða.</p> <p>Skoða og útbúa sameiginleg viðmið stiga (árganga) í ritun.</p>	Stýrihópur

Fylgiskjal 2: Áætlun skólaárið 2011 – 2012

<p><b>Markmið og helstu viðfangsefni.</b></p>	<p><i>Festa í sessi fjölbreyttar leiðir í lestri og ritun. Aukin áhersla á skýr markmið – leiðir og mat í lestri og ritun. Aukið vægi lestrar á öllum aldursstigum.</i></p> <p>Endurskoðun á áætluninni – áherslubreytingar á þriðja ári.</p>	<p>Stýrihópur – stjórnendur</p>
<p><b>Forgangsverkefni og tenging við önnur þróunarverkefni.</b></p>	<p>Þróun í lestraraðferða Þróun í ritun texta. Aukin notkun eininga í Mentor.</p>	<p>Kennarar – stýrihópur</p>
<p><b>Framkvæmd og skipulag (s.s. umsjón, verkþættir, verkaskipting.</b></p>	<p>Stýrihópur heldur utan um og stýrir vinnunni m.a. með skipulögðum fundum þar sem farið er yfir þær upplýsingar sem koma á stigsfundum um aðferðir sem verið er að beita. Stýrihópur heldur utan um og hvetur kennara til að birta gögn sín á samskrá og miðla til annarra.</p>	<p>Stýrihópur</p>
<p><b>Þjargir (fræðsla, skipulag.</b></p>	<p>Kennarar sem hafa prófað nýjar leiðir með góðum árangri miðli reynslu sinni á stigs- og kennarafundum.</p> <p>Kennarar sem hafa notað námsframvindu (lestrar- og/eða ritunar markmið) í Mentor miðli reynslu sinni til kennara.</p> <p>Ráðgjöf eftir því sem þurfa þykir og vinnunni miðar áfram.</p>	<p>Kennarar – stýrihópur</p>
<p><b>Viðmið um árangur – mat á framvindu og árangri.</b></p>	<p>Skýrar áherslur og vel skipulagðar lestrarstundir fastur liður í öllum árgöngum.</p> <p>Samfella í lestrarmati skólans.</p> <p>Þróun í ritgerðasmíð – nemendur öðlist aukna færni í að skrifa að lesa og skrifa bókmenntaritgerð (Samfella frá yngsta, mið- og á ungl.stig)</p> <p>Kennarar skólans hafa öðlast þekkingu á námsframvindu (Mentor) (markmið og mat á stöðu nemenda).</p> <p>Skólinn notar fjölbreyttar leiðir við lestur og lestrarkennslu til að stuðla að aukinni færni nemenda og jákvæðu viðhorfi til lestrar.</p> <p>Skólinn notar fjölbreyttar leiðir við ritun og ritunarkennslu til að stuðla að aukinni færni í ritun texta.</p> <p>Lagt fyrir mat með markvissum og reglubundum hætti – fylgst með árangri í lestri og ritun</p>	<p>Kennarar – stýrihópur</p>



**Fylgiskjal 3: Framkvæmdaráætlun:**  
**Orð af orði – lestur til náms þróunarverkefni í 4. – 10. bekk**

<b>Markmið inntak</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Markmið <i>Orðs af orði</i> er að nemendur efla orðvitund sína, orðaforða og hæfni til að ráða merkingu orða; að þeir geti nýtt orðforða sinn á fjölbreyttan hátt og efla skilning sinn í tengslum við mál, lestur og nám. Stefnir er að því að nemendur efla lesskilning og færni í að nota orðaforða sinn á markvissan hátt m.a. til að eiga auðveldara með að skilja námstexta og að tjá sig, greina frá þekkingu sinni og skoðunum með blæbrigðaríku máli. Orðaforðakennslu verður fléttað við aðra kennslu og nemendur læra ýmsar orða- og námsaðferðir til að beita í vinnu sinni með námsefni. Nemendur fá þjálfun við greiningu og sundurgreiningu orða (orðasambönd, orð og orðeiningar, að bera saman skyldleika orða, að greina mismunandi merkingu orða og mynda orð úr orðeiningum). Nemendur læra að nýta sér vísbendingar í samhengi texta til að ráða merkingu orða. Orðaforðakennslu verður m.a. fléttað við gerð hugrænna korta (cognitive maps, mind maps, concept maps). Nemendur læra að brjóta upp hefðbundið textaform og skrá inntakið á greinandi, skapandi og myndrænan hátt. Að sama skapi læra nemendur að nota hugræn kort til að vinna á skapandi hátt. Gert er ráð fyrir að aðferðirnar verði notaðar í tengslum við hefðbundið námsefni í bóklegum greinum. Kennarar læra að nota aðferðir og kenna nemendum þær markvisst, skref fyrir skref. Jafnframt verður aukið verulega við lestur, sérstaklega yndislestur heima og í skóla sem leið til að styrkja orðaforða og lesskilning.</li> </ul>
<b>Framvinda (dagsetningar með fyrirvara)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>16. ágúst 2010: Heils dags námskeið, fræðilegar undirstöður og áætlanir. Kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir.</li> <li>1. sept. – 3. des: Markviss orðaforðakennsla í 12 vikur, minnst 3svar -5 sinnum í viku, yndislestur</li> <li>1. september: Lesskilningspróf I lagt fyrir nemendur.</li> <li>27. sept. og 12. nóv: Ráðgjöf til kennara (1-3 hópar hverju sinni) tvisvar.</li> <li>7. desember: Lesskilningspróf II lagt fyrir nemendur</li> <li>3. jan 2011: Hálf dags námskeið gerð hugtakakorta. Kennsluleiðir og útfærsluhugmyndir</li> <li>17. jan -30. apríl: Kennsla hugtakakorta minnst 3svar í viku, tengsl við orðaforðavinnu, yndislestur</li> <li>18. feb. og 22. mars: Ráðgjöf til kennara (1-3 hópar) tvisvar.</li> <li>4. maí: Lesskilningspróf III lagt fyrir nemendur.</li> </ul>
<b>Þátttakendur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allir nemendur í 4.–10. bekk</li> <li>Allir umsjónarkennarar 4.–10. bekkjar og/eða faggreinakennarar sem kenna bóklegar greinar.</li> </ul>

<b>Ráðgjafi HA</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólaþróunarsvið HA leggur verkefninu til ráðgjafa. Hann hefur yfirumsjón með verkefninu, leggur til sérþekkingu er varðar inntak verkefnisins, heldur námskeið og fræðslufundi. Ennfremur sinnir hann ráðgjöf við skólann á tímabilinu september til maí. Ráðgjafi leggur fram tillögur um tilhögun verkefnisins og framkvæmdaráætlun sem nær til verkefnisins í heild. Þar verður inntaki lýst, framkvæmdarferli, hlutverki þeirra sem að málinu koma og fleira sem tilheyrir slíkum áætlunum. Á milli ráðgjafafunda hefur ráðgjafi fyrst og fremst samskipti við verkefnisstjóra innan skólans og er honum innan handar eftir því sem þörf er á varðandi rekstur verkefnisins og umsýslu. Ráðgjafi leggur til eyðublið varðandi innra mat en skólarnir sjálfir útvega sér lesskilningspróf. Ráðgjafi verður einnig til ráðuneytis um skýrsluskrif og leggur til fræðilegan kafla um orðaforða, gagnvirkan lestur og gerð hugtakakorta. Ábyrgð ráðgjafa snýr fyrst og fremst að fræðslunni, ráðgjöfinni og framkvæmdaráætluninni.</li> </ul>
<b>Verkefnisstjóri innan skóla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í skólanum er starfandi verkefnisstjóri sem stýrir verkefninu innan skólans. Hann hefur yfirsýn yfir þróunarverkefnið og samhæfir störf kennara innan skólans. Hann heldur skrá um þá kennara sem starfa við verkefnið, fær hjá þeim kennsluáætlanir, aflar upplýsinga um gengi á hverjum tíma, kannar þörf á stuðningi og leitar eftir leiðum til að veita hann, veitir aðhald, hefur umsjón með mati kennara, safnar gögnum um gengi nemenda, heldur saman öðrum gögnum sem nýta má t.d. í skýrslur um verkefnið, veitir skólasamfélaginu, nemendum, kennurum og foreldrum upplýsingar um framgang verkefnisins. Verkefnisstjóri gefur skólastjóra reglulega upplýsingar um gengi verkefnisins og vinnur að gerð lokaskýrslu.</li> </ul>
<b>Stuðningur yfirlit</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Stuðningur ráðgjafa við kennara.</i> Ráðgjafi veitir ráðgjöf sex sinnum á tímabilinu. Hann hefur til ráðstöfunar u.þ.b. 3 klukkustundir til fundar með þátttakendum. Efni fundanna snýst m.a. um framkvæmd og stöðu verkefnis, áætlanir kennara, skipulag, reynsla kennara í verkefninu, álitamál sem koma upp og mat á árangri. Fundirnir verða haldnir í skólanum.</li> <li><i>Stuðningur verkefnisstjóra við kennara.</i> Verkefnisstjóri heldur reglulega fundi, a.m.k. þrjá á hvoru tímabili með kennurum. Efni fundanna varðar söfnun gagna og úrvinnslu þeirra, stuðning við kennara, upplýsingar til foreldra og almenna samræmingu á framkvæmd, mati og meðferð upplýsinga. Verkefnisstjóri sinnir reglulegri ráðgjöf til kennara á móti ráðgjafa. Kennarar geta þess utan leitað til verkefnisstjóra ef þörf er á.</li> <li><i>Stuðningur kennara innbyrðis.</i> Mikilvægt er að kennarar í skólanum veiti hver öðrum stuðning. Það gerist með samræðu, sameiginlegri skipulagningu og lausnaleyti sem hentar einum eða fleirum í hvert skipti. Ef mögulegt er þá er æskilegt að kennarar geti heimsótt hvern annan í kennslustundir og verið augu og eyru þess kennara sem heimsóttur er. (Sjá um félagastuðning í <i>Aukin gæði náms</i> 1999:72-75). Ef það er ekki hægt ættu kennarar eftir sem áður að taka stofugang, fara lauslega yfir framkvæmd hvers bekkjarkennara og skoða gögn sem verða til í verkefninu, ræða þau og nýta sér.</li> <li><i>Stuðningur skólastjórnenda við kennara.</i> Stuðningur skólastjórnenda er mikilvægur. Hann kemur fyrst og fremst fram í áhuga þeirra á því sem kennarar takast á við. Þeir geta heimsótt kennara í kennslustofur, spurt þá um gengi, uppörvað þá og spurt eftir þörf á stuðningi. Enn fremur kemur</li> </ul>

	<p>stuðningur þeirra fram í tilhlíðrun vegna endurmenntunar og fundarhalda með ráðgjafa og verkefnisstjóra.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Stuðningur við skólastjórnendur og verkefnisstjóra.</i> Mikilvægt er að kennarar og aðrir sem að málinu koma hugi að því að þeirra eigin stjórnendur þurfa einnig á uppörvun að halda og því að kennarar sýni þeim skilning og styðji þá í að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Skólastjórnendur munu eiga aðgang að ráðgjafa þegar þeir kjósa.</li> </ul>
<b>Hlutverk kennara</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennarar læra aðferðir sem þeir nýta til að kenna nemendum, skref fyrir skref. Þeir stýra einnig yndislestri sem stendur yfir allt tímabilið. Kennarar safna saman tvenns konar upplýsingum á hvoru tímabili: <ul style="list-style-type: none"> <li>a) frammistaða lesskilnings í september, desember og maí. Kennarar fá prófin í hendur, leggja þau fyrir, fara yfir og skrá niðurstöður.</li> <li>b) þrisvar á haustönn safna nemendur gögnum í samráði við kennara í nemendamöppur (t.d. ritunarverkefni, orðeiningaverkefni, gögn sem sýna sundurgreiningu orða og orðskýringar nemenda). Kennarar fara yfir gögnin, meta þau og skrá árangur. Þrisvar sinnum á vorönn safna nemendur í samráði við kennara gögnum í nemendamöppu (orðaforðaverkefni, hugtakakort) sem kennarar fara yfir, meta og halda skrá yfir framfarir.</li> </ul> </li> <li>• Gert er ráð fyrir að kennarar geri kennsluáætlanir (mest 1 síða hver áætlun, ráðgjafi sýnir hvernig form verður á því), þrjár á hvoru tímabili þar sem þeir gera grein fyrir hvernig þeir kenna nemendum stig af stigi. Þessum áætlunum er skilað til verkefnisstjóra í skólanum.</li> <li>• Reynslan hefur sýnt að kennarar eru undir miklu álagi þegar þeir læra ný vinnubrögð í kennslu. Mikilvægt er að stjórnendur ætli kennurum tíma til að léttu undir með undirbúningi.</li> </ul>
<b>Mat</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert er ráð fyrir því að ráðgjafi leggi til eyðublöð fyrir sjálfsmat kennara og mat kennara á stöðu og framförum nemenda. Skólinn þarf sjálfur að útvega lesskilningspróf til að leggja fyrir nemendur þrisvar á vetri. Skólinn vinnur sjálfur úr gögnum sem safnast á tímabilinu og gefur upplýsingar til nemenda, kennarasamfélagsins og foreldra.</li> <li>• Kennarar lesa úr prófinu fyrir sinn bekk en verkefnisstjóri heldur heildarskráningu og setur hana á sýnilegt form.</li> </ul>

#### Verkefninu fylgja eftirtalin gögn:

<ul style="list-style-type: none"> <li>• <i>Fræðileg handbók.</i> Efni um orðaforða og lestur til náms.</li> <li>• <i>Kennarahandbók.</i> Fjölbreytilegum kennsluhugmyndum lýst. Lykilaðferðir auk þess útfærðar sérstaklega í máli og myndum.</li> <li>• <i>Myndasöfn.</i> Safnað hefur verið myndasöfnum úr skólunum sem hafa tekið þátt í þróunarverkefninu. Á myndunum sést hvernig kennsluhugmyndirnar hafa verið útfærðar á mismunandi hátt, t.d. eftir aldri nemenda, námsefni sem unnið er með og hvernig kennarar hafa þróað eigin leiðir í bland við aðra kennslu. Myndirnar sýna hvernig aðferðirnar hafa verið notaðar í tengslum við mismunandi námsgreinar.</li> <li>• <i>Fræðitexti</i> um gerð hugrænna korta.</li> </ul>
---

#### Kostnaður við verkefni

Þáttur	Kostnaður í kr.
Námskeið í ágúst, heill dagur, orðaforði og lestur til náms	160.000
Ráðgjöf á haustmisseri, 2 skipti	64.000
Námssmiðja í janúar	80.000
Ráðgjöf á vormisseri, 2 skipti	64.000
Umsýsla í tengslum við framkvæmdaáætlun, kennslu- og matsgögn, ráðgjöf utan ráðgjafarfunda o.fl.	100.000
Ferðakostnaður, 6 ferðir	150.000
Alls, fræðsla, ráðgjöf og ferðakostnaður	618.000